

## Áfangi: RÆL 601 - vorönn 2011

**Undanfari:** RÆL 101, 201, 301, 401 og 501

**Kennari:** Eva Karen Þórðardóttir

**Áfangalýsing:** Í áfanganum verður farið nánar í ballroom dansa þar sem nemendur bæta við og læra lotur sem þeir geta nýtt sér til frekari þjálfunar ef áhugi er fyrir hendi. Í áfanganum verður lögð áhersla á að nemendur læri rétta stöðu og tækni í samkvæmisdönsum sem og takt, áherslur og framkomu. Unnið verður með nýjar lotur jafnt og lotur sem nemendur hafa verið að vinna með síðan þeir byrjuðu í 101.

Markmiðið er að nemendur séu vel á veg komnir með helstu keppnisdansana í suðuramerískum dönsum þegar þeir útskrifast og kunni nokkuð fyrir sér í öðrum dönsum líkt og Salsa, Rock, Tjútt og fleira sem þeir hafa unnið með síðustu 3 vetur. Nemendur hafa þá í höndunum lykil að frekari þjálfun eða keppni í þessari íþóttagrein ef áhugi er fyrir hendi eða geta nýtt sér þessa þekkingu fyrir sjálfan sig út lífið.

### Markmið:

Að nemendur:

- æfi og kunni lotur í suður-amerískum dönsum
- bæti liðleika sinn og samhæfingu
- þjálfist í undirstöðu almennrar líkamsbeitingar.
- þjálfist í danstækni og takti
- fái tækifæri til að vinna með öðrum að líkams- og heilsurækt
- styrki eigin sjálfsmynd
- þjálfist í framkomu og tjáningu
- læri takt, tækni og hreyfingar í suður-amerískum dönsum
- geti tjáð sig með dansinum
- geti tjáð til áhorfenda það sem dansinn gefur til kynna
- geti nýtt sér námið til skemmtunar eða áframhaldandi dansþjálfunar í framtíðinni
- læri að skipuleggja tímann sinn

### Vinnulag:

Nemendur mæta í einn danstíma á viku.

### Kennslugögn:

Engin.

### Námsmat:

Metin er:

- virkni nemenda í kennslustundum
- ástundun nemenda í kennslustundum
- framfarir nemenda og áhugi
- samskiptahæfni nemenda